

## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 28.08.2019, kl. 17:15

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson Jóhannes Egilsson, Sigurður Bjarnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir,

### Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar 15.ágúst 2019

**Niðurstaða:** fundagerð samþykkt

2. **Sportabler – kynning frá Markúsi Mána á forritinu**

Markús Máni kom sem gestur á fundinn og fór yfir Sportabler forritið, möguleika þess og framtíðarplön.

**Niðurstaða:** til upplýsinga

3. **7 mán uppgjör félagsins**

Framkvæmdastjóri fór yfir 7 mán uppgjör félagsins, heildartekjur félagsins eru lægri nú en á sama tíma í fyrra, skýrist það einni helst að minni tekjusöfnun í mfl félagsins en einnig vegna breytinga á greiðslum frá Garðabæ til aðalstjórnar milli ára.

**Niðurstaða:** Mikið aðhald þarf á mfl félagsins fram að áramótum og fylgja vel eftir að einingarnar séu að standa við uppsettar væntingar í fjárhagsáætlun fyrir árið.

4. **Æfingagjöld**

Breytingar var gerð á æfingagjöldum í öllum deildum (nema fimleikadeild) þar sem þjónustu og umsýslugjöld í gegnum nóra voru niðurfellt og færslugjald 1,8% sett inn í æfingagjöldin. Var hin leiðin prófuð í fyrra í framhaldi að samtali og vinnu með starfsmönnum Nóra en framkvæmdastjóri var mjög ósáttur við þá lausn og því farið þessa leið núna.

Æfingagjöld deildanna eru að hækka á bilinu 5-10% eftir deildum og flokkum. Helstu forsendur launavísitala hækkaði um rúm 4% á almennum markaði á tímabilinu sem horft er til, lagfæringar voru gerðar á lengd æfingatímabils elstu flokka í körfubolta, neikvæður rekstur fimleikadeildar, handboltadeildar og körfuboltadeildar síðastliðin vetur kallaði á auka hækkunir í þeim deildum.

5. **Stjörnukonur**

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stofnskrá á nýrri einingu innan félagsins sem mun heita Stjörnukonur, en þetta er félagsskapur kvenna sem vilja láta gott að sér leiða fyrir félagið og iðkendur þess.

**Niðurstaða:** Stofnskráin var samþykkt einróma.



### Önnur m

- Mönnun nefnda, kannað var hvernig stjornarmönnum gengi að manna þær nefndir sem þeir verða í forsvari fyrir í vetur í framhaldi af stefnumótunarvinnu. Flestur komnir vel af stað en skila þarf inn nafnalista fyrir næsta stjórnarfund.
- „kick off“ dagur, ákveðið var að festa 5.okt sem sameiginlega vinnufund og skemmtidag stjórna félagsins.
- Beiðni frá handboltanum um keppnisaðstöðu í Ásgarði, var rætt og ákveðið að skoða betur í samtali við Garðabæ.

fundu var slitið kl. 21:00, Ritað Álf



stjarnan@stjarnan.is  
bokhald@stjarnan.is



+354 565 1940



Stjórnuheimilinu v/ Ásgarð  
210 Garðabær, Ísland